

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 11. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi Helluhrauns, athafnasvæði, 1. áfangi, Móhella 1. Breytingin felst í að lóðinni Móhelli 1 er skipt í 2 lóðir, Móhelli 1 og Íshellu 8. Skilmálar Móhelli 1 breytast og verður hámarkshæð byggingar 15 m (4 hæðir) frá aðal-gólfi, að hluta. Nýtingarhlutfall verður 0,7. Íshellu 8, nýtingarhlutfall verður 0,6. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1, Tjarnarvellir 1.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 31. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, reitur 9.1. Í breytingunni felst m.a. að lóð A9 sameinast lóð A8 og bílastæði verða á norðurhluta lóðar og munu þau tilheyrja bæjarlandi. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 29. ágúst 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar við Selvatn í landi Selmarkar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum 8. júní sl. tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar við Selvatn í landi Selmerkur, Mosfellsbæ.

Skipulagstillagan nær til lands Selmerkur sem er 7,97 ha og er gert ráð fyrir skiptingu þess í fjórar spildur og byggingu á níu nýjum frístundahúsum.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 29. ágúst 2005.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.